

Losun vegna matarsóunar samstæðu OR

Gröfin sýna markmið samstæðu OR um losun gróðurhúsalofttegunda vegna matarsóunar frá 2017 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árið 2017 hófust mælingar á matarsóun og það ár er notað sem viðmiðunarár. Árið 2018 náðist ekki markmið um losun vegna matarsóunar fyrir árið en losunin var undir grunnildinu sem sett var árið 2017. Þegar matarsóun er mæld er tekið meðaltal af magni þess matar sem er hent og deilt niður á fjölda starfsfólks sem snæðir í matstofum OR samstæðunnar að Bæjarhálsi á Hellisheiði og í Turninum í Kópavogi. Ýmis tækifæri eru til að þróa verkefnið áfram m.a. kemur til greina að hafa samkeppni milli matstofa samstæðunnar.

